



Skeiða- og Gnúpverjahreppur

Rebekka Rut Ingvarsdóttir

Árnes

801 SELFOSS

Iceland

Garðabær, 26.5.2025

Málsnúmer: 202505-0043

L.Á.

Efni: Stækkun Búðanámu – breyting á aðalskipulagi

Í tölvubréfi frá skipulagsfulltrúa Skeiða- og Gnúpverjahrepps, dags. 26. maí, er Náttúrufræðistofnun bent á að umsagnarfrestur í Skipulagsgátt, um breytingar á aðalskipulagi vegna stækkunar Búðanámu, sé liðinn og spurt hvort stofnunin muni veita umsögn. Stofnuninni barst ekki beiðni á tilsettum tímafresti auglýsingar á skipulagstillögu sem rann út 23. maí.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér greinargerð aðalskipulagsbreytinga sem hefur ekki tekið efnislegum breytingum frá fyrri stigum. Stofnunin skilaði inn umsögn vegna [vinnslutillögu aðalskipulagsbreytinga](#) og vegna [matsskyldufyrirspurnar til Skipulagsstofnunar](#) í febrúar 2025. Niðurstaða Skipulagsstofnunar var að framkvæmdin skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Náttúrufræðistofnun ítrekar fyrri ábendingar um sérstöðu, hátt vísinda- og verndargildi Búðaraðarinnar, Þjórsárhrauns og fossins Búða, þar sem tvö síðastnefndu njóta jafnframt sérstakrar verndar samkvæmt náttúruverndarlögum (nr. 60/2013). Ekki er sýnt fram á brýna nauðsyn að opna nýtt efnistökusvæði við Búðagarðinn og leggur Náttúrufræðistofnun til að efnispörf Búðafossvegar verði sótt í aðrar opnar og nálægar efnisnámur.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir.

Virðingarfyllst,

Lovísa Ásbjörnsdóttir

jarðfræðingur